

Fimmtudaginn 14. mars 1991.

Nr. 287/1989. **Félag verslunar- og skrifstofufólks,
Akureyri**

(Jón Kr. Sólmes hrl.),
gegn

Sigrúnu Grimsdóttur

(Magnús Óskarsson hrl.)

og gagnsök.

Verkfall. Skaðabætur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1989. Hann krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og jafnframt verði gagnáfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður verði þá felldur niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 10. ágúst 1989. Dómkröfur hennar eru þær, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða henni 107.900 krónur með 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til stefnubirtingardags 20. júní 1988, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti með framangreindum vöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar bótaskyldu, sbr. H.1986,1206, og dæmdar bætur fyrir fjárhagslegt tjón gagnáfrýjanda.

Formaður aðaláfrýjanda hefur skýrt svo frá fyrir héraðsdómi, að rétt sé, að verkfallsverðir hafi hindrað gagnáfrýjanda í að fara inn í flugvélinu, og kveðst hún sjálf hafa tekið þátt í því og lagt hendur á öxl gagnáfrýjanda í því skyni.

Nægjanlega er í ljós leitt, að vegna athafna verkfallsvarðanna sætti gagnáfrýjandi slíku harðræði, að hún á rétt á miskabótum samkvæmt 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja þær

bætur hæfilega ákveðnar 10.000 krónur. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð að viðbættum 7.900 krónum, samtals 17.900 krónur með vöxtum eins og í dómsorði greinir. Ákvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, en vextir dæmast ekki af þeirri fjárhæð.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri, greiði gagnáfrýjanda, Sigrúnu Grímsdóttur, 17.900 krónur með 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til 20. sama mánaðar, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i hæstaréttardómaranna Hjartar Torfasonar og Hrafns Bragasonar.

Við erum samþykkir dómsatkvæði meiri hluta dómenda að öðru en því, er varðar miskabætur. Gagnáfrýjandi fékk ekki afgreiðslu í móttöku Flugleiða hf. á Akureyrarflugvelli, eins og í héraðsdómi greinir, og reyndi umdæmisstjóri félagsins ekki að andæfa verkfallsvörðum. Hún hafði því ekki í höndum brottfararspjalð, er heimilaði henni för með flugvélinni. Henni var ljóst, að för hennar út í vélina myndi verða hindruð. Þrátt fyrir það reyndi hún að brjóta sér leið gegnum raðir verkfallsmanna. Hún átti þannig upptök að stimpingum þeim, sem þá fóru fram. Eru ekki efni til að dæma henni bætur þeirra vegna, enda hlaut hún ekki meira harðræði en hún gat vænst. Með vísan til þessa teljum við, að staðfesta megi niðurstöðu héraðsdóms í heild sinni.

Dómur bæjarþings Akureyrar 18. maí 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. maí sl., hefur Sigrún Grímsdóttir, Skólavörðustíg 13 a, Reykjavík, kt. 131155-3019, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 16. júní 1988, á hendur Félagi verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri.

Eru dómröfur stefnanda þær, að stefnda verði dæmt til að greiða sér kr. 107.900 með 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til stefnumirtingardags, 20. júní s.á., en með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25, 1987, frá þ.d. til greiðsludags og málskostnað skv. framlögðum reikningi með sömu vöxtum og stefnukrafan frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og jafnframt, að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. mati dómsins. Til vara krefst stefnda þess, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn falla niður.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að sunnudaginn 1. maí 1988 um kl. 18.15 hafi stefnandi komið á Akureyrarflugvöll þeirra erinda að taka sér far með flugi Flugleiða nr. 65 til Reykjavíkur. Vélin hafi átt að fara frá Akureyri um kl. 20.00. Stefnandi hafi haft undir höndum farseðil, útgefinn af Flugleiðum hf., sem hún hafði keypt í Reykjavík 20. apríl, þ.e., er hún fór norður til Akureyrar. Er stefnandi ætlaði að gefa sig fram við afgreiðsluborð, hafi þar verið fyrir um 40 verkfallsverðir á vegum Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri undir forystu Jónu S. Steinbergsdóttur, formanns félagsins. Hafi þeir meinað stefnanda för að afgreiðsluborðinu, en þar hafi verið við störf Gunnar Oddur Sigurðsson, umdæmistjóri Flugleiða á Norðurlandi. Stefnandi, sem hafði engan farangur meðferðis, hafi síðan tekið sér sæti í afgreiðslusal. Formaður stefnda, Jóna S. Steinbergsdóttir, hafi þá komið að máli við hana og spurt, hvort hún hygðist fara til Reykjavíkur. Þegar því hafi verið svarað játandi, hafi formaðurinn lýst því yfir, að séð yrði til þess, að ekki yrði af förinni. Eftir þetta hafi stefnandi átt í viðræðum við flugstjóra vélarinnar, Skúla Guðjónsson, sem ekkert hafi séð því til fyrirstöðu, að stefnandi yrði farþegi á leiðinni suður, enda hafi hún ekki þurft á neinni þjónustu skrifstofufólks að halda. Er að brottfarartíma kom, hafi stefnandi ætlað að ganga til flugvélarinnar, en verkfallsverðir stefnda hafi fylgt henni um bygginguna, gætt útgöngudyra, umkringgt flugvélinu og stöðvað stefnanda á ný á flugvélastæðinu. Stefnandi hafi ekki komist um borð í umrædda vél og ekki komist til Reykjavíkur fyrr en daginn eftir. Af þeim sökum hafi hún orðið að taka sér næturgistingu eina nótt á Akureyri. Hafi hún greitt kr. 1.500 fyrir gistingu og fæði. Auk þess hafi stefnandi þurft að taka leigubifreið til og frá flugvelli. Hvor ferð hafi kostað kr. 500, samtals kr. 1.000. Jafnframt hafi

stefnandi orðið fyrir vinnutapi við það að komast ekki suður, eins og fyrirhugað var, á sunnudaginn. Stefnandi hafi rekið gistiheimilið Hótel Jörð í Reykjavík þá daga, sem hér um ræði; hafi hún og fjölskylda hennar lagt nótt við dag, svo að unnt yrði að opna gistiheimilið á tilsettum tíma. Tjón sitt vegna þessa áætli stefnandi varlega kr. 5.400 eða sem svarar sex vinnustundum á krónur 900 pr. klst. Atburðirnir á Akureyrarflugvelli hafi vakið mikla athygli fjölmiðla. Frá þeim hafi víða verið skýrt, m.a. í Morgunblaðinu 3. maí, Degi 2. maí og Stöð 2 2. maí.

Stefnandi telur þær aðgerðir Félags verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri undir forystu formanns félagsins, sem hindruðu för hennar til Reykjavíkur, ólögð mætar með öllu og alvarlega ihlutun í persónu- og athafnafrelsi sitt. Hvorki lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80, 1938, né aðrar laga-reglur hafi veitt stefnda rétt til að hindra umdæmisstjóra Flugleiða á Norðurlandi, sem hvergi sé félagsbundinn í stéttarfélagi, í því að hafa samskipti um afgreiðslu og upplýsingar við farþega Flugleiða, þar á meðal stefnanda. Enn frekar hafi það verið lögleysa að beita líkamlegu valdi til að hindra för stefnanda út í flugvél, sem hún hafði keypt sér far með og stóð henni opin og búin til brottfarar. Ganga stefnanda út í vélina hafi ekkert komið við Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, enda hafi ekki þurft neinn atbeina félagsmanna þess félags til þess, að farþegi án farangurs með fullgreiddan farmiða mætti fara út í flugvélinu með samþykki flugstjóra. Með þessum ólögðum aðgerðum hafi stefndi valdið stefnanda fjárhagstjóni, sem sé bótaskyld skv. almennum reglum skaðabótaréttarins. Sé það tjón bæði beint og óbeint, og geri stefnandi aðeins lágmarkskröfu vegna útlagðs kostnaðar og atvinnumissis. Alvarlegasti þáttur þessa máls sé hins vegar hin grófa og meiðandi framkoma félagsmanna stefnda, þar á meðal formanns hins stefnda félags, gagnvart stefnanda. Hendur hafi ítrekað (sic) verið lagðar á stefnanda og hún atyrt og elt á flugstöðinni og fyrir utan hana. Allt hafi þetta farið fram í auglýsingu fjölmiðla og verið rækilega lýst fyrir alþjóð. Aðgerðir stefnda hafi bersýnilega verið til þess fallnar að vekja athygli fjölmiðla, enda, svo að sjá sem sá hafi beinlínis verið tilgangurinn. Stefnandi, sem hafi atvinnu af ferðaþjónustu, telji sig og starfsemi sína hafa af þessu hlotið tjón og álitshnekkni auk margvíslegra óþæginda. Sé tjón það óg miski varlega metið til fjár á kr. 100.000.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að aðgerðir stefnda hafi verið til þess ætlaðar að vekja athygli fjölmiðla. Aðgerðirnar hafi eingöngu verið framkvæmdar til að koma í veg fyrir, að gengið yrði inn á verksvið launþega innan vébanda stefnda, meðan löglega boðað verkfall stóð yfir. Hafi einhver haft framgöngu í því að vekja athygli fjölmiðla, hafi það verið stefnandi sjálfur.

Kveðst stefnda byggja kröfur sínar á 18. gr. laga nr. 80, 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, sbr. 10. gr. laga nr. 56, 1972, um lögreglumenn. Stefnda hafi haft rétt til þess að framfylgja gagnvart stefnanda verkfalli, sem löglega var hafið, enda hafi aðgerðir stefnda verið innan ramma verkfallsheimildarinnar sjálfrar. Þegar hinn umdeildi atburður hafi átt sér stað, hafi meðlimir hins stefnda félags verið við hefðbundna verkfallsvörslu í flugstöðinni á Akureyri, og hafi þess sérstaklega verið gætt, að þeir beittu ekki ólögmætum aðgerðum við verkfallsvörsluna. Umdæmisstjóri Flugleiða hf. hafi á engan hátt verið hindraður í starfi, enda hafi hann ekki gengið í nein störf félagsmanna stefnda, sem þörf hefði verið á að stöðva. Sama máli gegni hér gagnvart Skúla Guðjónssyni flugstjóra, en skv. flugreglum og verklagsreglum Flugleiða hafi hann engin afskipti haft af farþegaafgreiðslu í flugstöðinni. Þegar stefnandi hafi reynt að brjótast um borð í flugvélina, hafi hún verið að gera tilraun til að brjóta á bak aftur lögmætar aðgerðir stefnda við verkfallsvörslu, og við það tækifæri hafi hún ekki verið beitt líkamlegu valdi umfram það, sem hún beitti sjálf við að ryðjast í gegnum hóp verkfallsvarða, sem aðeins hafi verið að gegna skyldustörfum sínum, og hafi þannig á grundvelli eigin sakar girt fyrir skaðabætur sér til handa. Það hafi verið á almannavitorði, að um nokkurt tímabil, áður en hinn umdeildi atburður átti sér stað, hafi verið flogið leiguflug á vegum Flugfélags Norðurlands hf., Akureyri, oft á degi hverjum, og u.þ.b. einni klukkustundu áður hafi flugvél frá Flugfélagi Norðurlands hf. farið til Reykjavíkur með farþega, en farmiðar, útgefnir af Flugleiðum hf., hafi verið gjaldgengir í flug með Flugfélagi Norðurlands hf. til Reykjavíkur.

Eins og hér hafi verið rakið, byggi stefnda sýknukröfu sína á því, að ekki hafi verið um neinar ólögmætar aðgerðir af hálfu félagsmanna þess að ræða. Varakröfu sína kveðst stefnda styðja með því, að ef niðurstaða dómsins sé sú, að verkfallsverðirnir hafi í umrætt sinn beitt ólögmætum aðgerðum, þá sé fjárhagslegt tjón stefnanda í engu samræmi við kröfugerð hennar.

Stefnandi og formaður stefnda hafa gefið skýrslur hér fyrir dóminum. Þá hafa vitnin Skúli Guðjónsson flugstjóri og Gunnar Oddur Sigurðsson, umdæmisstjóri Flugleiða á Akureyri, komið hér fyrir dóminn og gefið skýrslur. Enn fremur hefur verið lögð fram í málinu myndbandsupptaka af atburðum þeim, er mál þetta varða.

Ágreiningslaust er, að verkfallsverðir stefnda hindruðu stefnanda í því að komast að afgreiðsluborði Flugleiða í umrætt sinn. Þá er ágreiningslaust, að verkfallsverðir heftu för stefnanda út í flugvélina og beittu til þess valdi.

Dómurinn lítur svo á, að umdæmisstjóra Flugleiða hafi verið heimilt að afgreiða stefnanda í umrætt sinn þrátt fyrir verkfall stefnda, enda mátti

hann ganga í störf undirmanna sinna við afgreiðslustörf eins og önnur störf við afgreiðslu flugvélarinnar, sem hann gerði, að því er virðist, án athugasemda af hálfu stefnda. Atbeina félaga stefnda þurfti ekki til, að stefnandi færi út í flugvélinu og fengi fyrirgreiðslu þar. Aðgerðir verkfallsvarða gagnvart stefnanda í greint sinn voru því ekki þáttur í að koma í veg fyrir verkfallsbrot, sbr. 18. gr. laga nr. 80, 1938, heldur beindust einungis að því að hefta för hennar og voru því ólögðætar gagnvart henni á þann hátt, að leiðir til skaðabótaskyldu stefnda í máli þessu.

Stefnandi hefur gert nægjanlega grein fyrir fjárhagslegu tjóni sínu, þ.e. kostnaði vegna leigubifreiða, gistingar svo og vinnutaps, samtals kr. 7.900.

Stefnanda var fyrir fram gerð grein fyrir því, að hún myndi verða hindruð í að fara með flugvélinni. Með hliðsjón af því og aðstæðum að öðru leyti mátti stefnandi gera ráð fyrir, að verkfallsverðir beittu valdi til að hefta för hennar að flugvélinni. Þrátt fyrir þetta reyndi stefnandi útgöngu í flugvélinu gegn hópi verkfallsvarða. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hún hafi orðið fyrir öðrum eða meiri álitshnekki eða miska en hún gat búist við, að kynni að hljóta af þessari fyrirsjáanlegu valdbeitingu verkfallsvarða. Ósannað er, að tilvist fjölmiðla á staðnum hafi verið að tilhlutan stefnda. Þykja því ekki efni til að dæma stefnanda þætur vegna þessa liðar kröfu hennar.

Er niðurstaða dómsins þá sú, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda kr. 7.900 ásamt vöxtum, eins og krafist er. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 70.000.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Félag verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri, greiði stefnanda, Sigrúnu Grímsdóttur, kr. 7.900 ásamt 44,4% ársvöxtum frá 3. júní 1988 til 20. júní s.á., en dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25, 1987, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 70.000 í málskostnað ásamt framangreindum vöxtum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.